

Alþingi
Erindi nr. P 130/1962
komudagur 19.4.2004



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10.
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 19. apríl 2004.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994 um
Þróunarsjóð sjávarútvegsins, 786. mál, afnám gjalda.

Vísað er til bréfs dags. 6. apríl 2004 þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um
breyting á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994, 786. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að 4. og 6. grein laganna falli brott. Eins og fram kemur í
athugasemdum við lagafrumvarpið byggir það á því að með breytingum á lögum um stjórn
fiskveiða frá árinu 2002 var gert ráð fyrir að þróunarsjóðsgjald félli niður.

Við styðjum að sjálfsögðu þá breytingu sem gert er ráð fyrir með frumvarpinu en leggjum
jafnframt til að því verði breytt í þá veru að sjóðurinn verði gerður upp lagður niður hið
fyrsta.

Eignir sjóðsins eru fyrst og fremst bankainnistæður og skuldabréf og skuldir hans að
stærstum hluta skuldabréf og lán ríkissjóðs.

Við blasir að unnt er að gera sjóðinn upp nú þegar og í því sambandi virðist nærtækast að
gera skuldir sjóðsins við ríkissjóð upp með afhendingu eigna hans á móti skuldunum.
Mikilvægt er að þetta gerist sem fyrst enda er umtalsverður kostnaður af rekstri sjóðsins sem
unnt er að spara.

Þar sem ljóst er að innheimt hafa verði gjöld umfram skuldbindingar sjóðsins er þess farið á
leið að við uppgjör á sjóðnum verði það sem umfram verður endurgreitt til þeirra sem hafa
greitt til sjóðsins á þessu fiskveiðiári í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri